

Fundargerð stjórnar Rauða krossins á Íslandi

Fundurinn er númer 6 hjá núverandi stjórn og númer 1047 frá upphafi.

Mættu á fjarfund: Sveinn Kristinsson formaður, Silja Bára Ómarsdóttir, Halldór Valdimarsson, Hrund Snorradóttir, Anna Rósa Magnúsdóttir, Elín Ósk Helgadóttir, Gréta María Grétarsdóttir, Ívar Kristinsson, Jónas Sigurðsson, Sveinn Þorsteinsson, Þóra B. Nikulásdóttir, Kristín S. Hjálmtýsdóttir framkvæmdastjóri og Helen Símonardóttir sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuð: Pétur Pétursson.

Gestir: Arna Harðardóttir fjármálastjóri, Björg Kjartansdóttir sviðsstjóri Fjáröflunar- og kynningarsviðs, Jón Brynjar Birgisson sviðsstjóri Innanlandssviðs og Atli Viðar Thorstensen sviðsstjóri Hjálpar- og mannúðarsviðs.

Sveinn formaður setti fundinn kl. 15.01 og bauð stjórn velkomna á fjarfund.

1. Fundargerð framkvæmdaráðs 4. desember 2020.

Samþykkt.

2. Fundargerð stjórnarfundar 19. nóvember 2020.

Samþykkt.

3. Kynning á verkefnaáætlunum frá sviðsstjórum Landsskrifstofu.

Sviðsstjórar kynntu áherslur í starfi sviðanna árið 2021.

Baldur Steinn kom á fund kl. 15.20

Fjárhagsáætlun Landsskrifstofu.

Arna Harðardóttir kynnti breytingar á upphaflegum drögum fjárhagsáætlunar.

Stjórn samþykkti fjárhagsáætlun.

4. Lög um almennaheillafélög.

Með lögum um almannaheillafélög er mikil ábyrgð lögð á herðar stjórnar Rauða krossins sem skráðir eru raunverulegir eigendur allra kennitalna Rauða krossins. Tillaga kom fram um að stofna vinnuhóp um kennitölur félagsins til að ræða og móta tillögur um hvernig bregðast megi við til að uppfylla skyldur og ábyrgð stjórnar gagnvart stjórnvöldum.

Stjórn tilnefndi Silju Báru Ómarsdóttur og Ívar Kristinsson úr stjórn, Árna Gunnarsson formann Höfuðborgardeildar og Örnu Harðardóttur fjármálastjóra.

Stjórn samþykkti tillöguna um að stofna vinnuhóp um kennitölur félagsins.

5. Fréttir af nefnd um fjáröflun, tekjuskiptingu og rekstur.

Hrund flutti fréttir af nefndinni.

Gréta María kom á fund kl. 16.14

6. Endurskoðaðar reglur um ársreikninga, ársskýrslur og skýrsluskil deilda til samþykktar.

Vegna nýrra laga Rauða krossins sem samþykkt voru á aðalfundi 23. maí 2020 voru gerðar nauðsynleg uppfærsla á reglum um ársreikninga, ársskýrslur og skýrsluskil deilda. Engar efnislegar breytingar voru gerðar.

Stjórn samþykkti endurskoðaðar reglur.

7. Skýrsla framkvæmdastjóra.

- a) Fjallaði um Íslandsspil og fjölmiðlaumfjöllun að undanfögnu.
- b) Sagði frá áhugaverðum fundum með nýjum framkvæmdastjóra IFRC og þeirra landsfélaga sem greiða mest til IFRC.
- c) Finnski Rauði krossinn þakkaði fyrir framlag Rauða krossins á Íslandi, sem safnaði fjármunum og fötum og sendi til Finnlands, en ástandið í landinu var hörmulegt eftir innrás Sovétríkjanna 1939-40 (Vetrarstríðið). Í tilefni þess að 80 ár eru liðin frá lokum Vetrarstríðsins verður haldinn fjárfundur í Helsinki með þátttöku RKÍ.
- d) Nú stendur yfir framboðsundirbúningur vegna framboðs Rögnu Árnadóttur, fyrrum varaformanns Rauða krossins, sem gefur kost á sér í stjórn Alþjóðasambandsins IFRC.

8. Málefni deilda:

a) Minnisblað um skaðaminnkun á landsvísu

Tillaga var lögð fram um að formlegt samhæfingarteymi skaðaminnkunar verði skipað frá og með 1. janúar 2021. Í teyminu munu sitja teymisstjóri heilbrigðisverkefna Rauða krossins, fulltrúi Höfuðborgardeildar sem jafnframt fer með formennsku, fulltrúi Suðurnesjadeildar og fulltrúi Eyjafjarðardeildar.

Stjórn samþykkti tillöguna.

b) Erindi Eyjafjarðardeildar um hæfniviðmið

Rætt um og samþykkt að málið falli undir starfsmannahald og því lagt í hendur framkvæmdastjóra að svara erindi deildarinnar.

c) Erindi Eyjafjarðardeildar til siðanefndar

Málið var skoðað og rætt út frá minnisblaði. Eyjafjarðardeild verður svarað með upplýsingum til að leiðrétta misskilning sem siðareglur starfsmanna hafa valdið. Siðanefndinni verður einnig gerð grein fyrir hvað athuginin leiddi í ljós.

d) Fjárhagsáætlanir deilda

Fjárhagsáætlanir deilda lagðar fram til kynningar.

e) Fjárframlög Grundarfjarðardeildar til ótengdra aðila árið 2021

Stjórn gerir alvarlegar athugasemdir við fjárframlög Grundarfjarðardeildar árið 2019 til ótengdra aðila og einnig við brot á reglum um hámarksframlag til einstaklingsaðstoðar. Hefur deildarstjórnin með því brotið lög félagsins. Stjórn sér því ekki annað fært en að svipta deildina kassatekjum árið 2021. Kassatekjur deildarinnar munu renna í Verkefnasjóð skv. núgildandi lögum.

Stjórn samþykkti að svipta Grundarfjarðardeild kassatekjum árið 2021.

9. Önnur mál

Rauða krossinn fékk á árinu arf frá velgjörðarmanni félagsins, Kristjáni Eiríkssyni sem hefði orðið 100 ára á árinu hefði hann lifað. Hann átti ekki lögerfingja og arfleiddi Rauða krossinn að öllum sínum eignum. Arfurinn er einstaklega veglegur, en peningalegar eignir Kristjáns námu alls 50 milljónum króna.

Formaður leggur til að 40 milljónir króna renni til Verkefnasjóðs og 10 milljónir í alþjóðlegt hjálparstarf. Fjárhæðin sem rennur til Verkefnasjóðs skiptist niður á úthlutanir vegna umsókna, sem berast haustin 2021 og 2022.

Stjórn samþykkti tillögu formanns um skiptingu arfsins.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 17.30 /hs